

Viltu viðra hugmyndir þínar við náms- og starfsráðgjafa?

Fræðslusetrið Starfsmennt býður öllum félagsmönnum stéttarfélaga innan BSRB upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa til að ræða stefnu í námi og starfi. Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafa er að efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi. Með tilboðinu er verið að veita aukna þjónustu um fjölbreyttar leiðir til menntunar. Ráðgjöfin hvetur einnig til virkrar þátttöku í uppbyggingu á eigin hæfni og hvernig má mæta breyttum aðstæðum.



Viðtöl við náms- og starfsráðgjafa eru fyrir þá sem vilja:

- Þróa hæfni sína í starfi
- Auka möguleika sína í starfsvali og á vinnumarkaði
- Skoða möguleika á námi og setja sér námsmarkmið
- Mæta nýjum lífshlutverkum og takast á við breytingar

Náms- og starfsráðgjöf er aðstoð við að:

- Átta sig á áhuga sínum og tengja við nám og störf
- Þekkja veikleika og styrkleika og efla starfshæfni
- Vega og meta hin ýmsu störf og starfssvið
- Útbúa ferilskrá og atvinnuumsókn
- Leita að áhugaverðu tólmundastarfi eða námi
- Efla sjálfstraust eftir áföll í námi eða starfi
- Bæta samskipti og samstarf
- Forgangsráða, skipuleggja og stjórna eigin tíma
- Setja mörk og stjórna tilfinningum í starfi

Ef þú hefur áhuga á þessari einstaklingsþjónustu þá getur þú bókað viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa á skrifstofu Fræðslusetursins Starfsmenntar í síma 550 0060 og fara þau fram að Ofanleiti 2, 5. hæð, 103 Reykjavík. Ráðgjöfin er þátttakendum að kostnaðarlausu.

